

Dómsorð:

Stefndu, Sölvi P. Valdimarsson, Sveinn Hannesson, Framkvæmdir h/f og Guðgeir Guðmundsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Alexanders Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. febrúar 1965.

Nr. 221/1960. **Vigfús Helgason** (Þorvaldur Ari Arason hrl.)
 gegn

Menntamálaráðherra f. h. ráðuneytisins,
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs,
Sýslumanni Skagafjarðarsýslu f. h. sýslusjóðs,
Formanni Varmahlíðarfélagsins f. h. félagsins
og skólanefnd héraðsskólans í Varmahlíð
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

og svo til réttargæzlu

Páli Sigurðssyni, Volker Lindemann, Sigurði Jónassyni, Skógrækt ríkisins, Sparisjóði Sauðárkróks og Markúsi Sigurjónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaup og sala. Samningar. Áður en eignarnám jarðar til skólahalds samkvæmt lagaheimild og ákvörðun ríkisstjórnarinnar kom til framkvæmda, seldi eigandi jarðarinnar hana ríkissjóði með sölugerningi, sem var í hvívetna skuldbindandi fyrir seljanda.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1960. Hann hafði gjafsókn í héraði og fékk gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi 29. marz 1963. Dómkröfur hans eru þær, að stefndu menntamálaráðherra f. h. ráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs „verði dæmdir til að þola eftirfarandi ógildingar:

Aðalkröfur:

- „A. *Til ógildingar* þvinguðum og ólöglegum samningi um verð og afsal jarðarinnar Varmahliðar í Skagafirði, sem gjörður var skv. eignarnámslögum nr. 29 frá 12. júní 1939 á Sauðárkróki 9. janúar 1940 af hr. Sigurði Þórðarsyni í umboði Kennslumálaráðuneytisins skv. umboði hans frá 25. júlí 1939 og áfrýjanda, Vigfúsi, og þar með til viðurkenningar eignarrétti áfrýjanda á nefndri jörð.“
- „B. *Til ógildingar* ólögmætum ráðstöfunum, sem gjörðar hafa verið með og á jörðinni, síðan áðurnefndur eignarnámslagasamningur var gjörður:
1. Afsali ríkisstjórnar Íslands til „Varmahliðarfélagsins í Skagafirði“, gjörðu 7. nóv. 1941.
 2. Samningi um landleigu og fleira, gjörðum milli „formanns“ skólanefndar héraðsskólans í Varmahlið og skógræktarstjóra, undirrituðum 15. maí og 23. ágúst '50.
 3. Samningi um lóðarleigu, landnytjar o. fl., gjörðum milli „formanns“ skólanefndar héraðsskólans í Varmahlið og skógræktarstjóra, undirrituðum 15. maí og 23. ág. 1950.
 4. Samningi um lóðarleigu, gjörðum milli „formanns“ skólanefndar héraðsskólans í Varmahlið og Volkers Lindemanns frá 12. sept. 1955.
 5. Heimild þeirri, sem Volker Lindemann hefur fengið til þess að reisa verzlunarskála og reka verzlun og benzínafgreiðslu í landi Varmahliðar.
 6. Leigusamningi á íbúðar- og veitingahúsi, upphaflega við hr. Pál Sigurðsson veitingamann í Varmahlið. Samningur þessi hefur nú verið framseldur eða gerður að nýju við annan veitingamann.
 7. Veðsetningum fasteigna, gjörðum eftir 9. janúar 1940, þar á meðal veðsetningu til Sparisjóðs Sauðárkróks, kr. 200.000.00, gerðri 11. nóvember 1957, útgefinni af hr. Bessa Gíslasyni.

8. Ósamþykktum tillöguuppdrætti Skipulags ríkisins frá febrúar 1946.
9. Skipulagsskrám fyrir Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð, sem samþykkt var á aðalfundi sýslunefndar Skagafjarðarsýslu 1958.
10. Ábúðar- og byggingarsamningi á landi Varmahlíðar austan Skagfirðingabrautar, gjörðum milli Halldórs Benediktssonar og Gunnars Gíslasonar fyrir hönd „skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð“ og bræðranna Vigfúsar og Markúsar Sigurjónssona á Reykjarhóli, sem nú er yfirtekinn af Markúsi einum.

Varakrafa:

Verði eignarheimild ríkissjóðs Íslands frá 1940 á jörðinni Varmahlíð og aðrar eignarheimildir af henni leiddar ekki dæmdar ógildar, þá krefst áfrýjandi til vara, að „kaupverðsákvæði“ eignarnámslagasamningsins frá 9. janúar 1940, „Samtals krónur 28.000.00“, verði dæmt ógilt og stefndu dæmdir skaðabótaskyldir til áfrýjanda og þær skaðabætur miðist við sannvirði eignarinnar í ársbyrjun 1940 ásamt tilheyrandi hitaréttindum, verðmætum rekstrarmöguleikum, hlunnindum, tekjumöguleikum af leigu húsa, lóða og annarra verðmæta jarðarinnar, umreiknað með 6% vöxtum og vaxtavöxtum til núverandi verðgildis íslenzku krónunnar“.

Áfrýjandi hefur gert þær dómkröfur á hendur sýslumanni Skagafjarðarsýslu f. h. sýslusjóðs, formanni Varmahlíðarfélagsins f. h. félagsins og skólanefnd héraðsskólans í Varmahlíð, að þeim „verði dæmt að þola ógildingu á ólögmætum ráðstöfunum, sem gjörðar hafa verið með og á eigninni, samanber liði A og B í aðalkröfu“. Er þeim og stefnt „til réttargæzlu í sambandi við skaðabótaskyldu í varakröfu, eftir því sem við á“.

Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi allra hinna stefndu in solidum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en engar kröfur gerir hann á hendur réttargæzlustefndu.

Stefndu menntamálaráðherra f. h. ráðuneytisins og fjár-

málaráðherra f. h. ríkissjóðs krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndu sýslusjóður Skagafjarðarsýslu, Varmahliðarfélagið og skólanefnd héraðsskólans í Varmahlið höfðu gjafvörn í héraði og fengu gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi 16. apríl 1963. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Réttargæzlustefndu, Páll Sigurðsson, Volker Lindemann, Sigurður Jónasson, Skógrækt ríkisins, Sparisjóður Sauðárkróks og Markús Sigurjónsson, krefjast málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Atvikum máls þessa er rækilega lýst í héraðsdómi. Áfrýjandi seldi ríkissjóði jörð sína með afsalinu 9. janúar 1940. Engir gallar eru á þeim löggerningi, sem valda eiga ógildingu hans. Er hann því að öllu leyti skuldbindandi fyrir áfrýjanda. Með þessari athugasemd og að öðru með skírskotun til forsendna héraðsdóms, ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 30.000.00.

Gjafvarnarkostnaður stefndu sýslusjóðs Skagafjarðarsýslu, Varmahliðarfélagsins og skólanefndar héraðsskólans í Varmahlið í héraði og hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 15.000.00.

DÓMSORÐ:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Vigfúsar Helgasonar, í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði,

þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Þorvalds Ara Arasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Gjafvarnarkostnaður stefndu sýslusjóðs Skagafjarðarsýslu, Varmahlíðarfélagsins og skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dómur aukadóms Skagafjarðarsýslu 14. desember 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af Vigfúsi kennara Helgasyni á Hólum í Hjaltadal með stefnu, dags. 7. nóvember 1958, og framhaldsstefnu 21. júní 1959 gegn fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sýslumanni Skagafjarðarsýslu f. h. sýslusjóðs, síra Gunnari Gíslasyni vegna Varmahlíðarfélagsins í Skagafirði, Halldóri Benediktssyni, Sigurði Sigurðssyni, Jóni Jónssyni, Bessa Gíslasyni og síra Gunnari Gíslasyni, öllum vegna skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til þess að þola eftirfarandi ógildingar og greiðslu síðargreindra fjárhæða:

Aðalkröfur:

- A. Til ógildingar þvinguðum og ólöglegum samningi um verð og afsal jarðarinnar Varmahlíðar í Skagafirði, sem gjörður var skv. eignarnámslögum nr. 29 frá 12. júní 1939 á Sauðárkróki 9. janúar 1940 af hr. Sigurði Þórðarsyni í umboði kennslumálaráðuneytisins skv. umboði hans frá 25. júlí 1939 og stefnandanum Vigfúsi, og þar með til viðurkenningar eignarrétti stefnanda á nefndri jörð.
- B. Til ógildingar ólögætum ráðstöfunum, sem gjörðar hafa verið með og á jörðinni, síðan áður nefndur eignarnámssamningur var gjörður:
 1. Afsali ríkisstjórnar Íslands til Varmahlíðarfélagsins í Skagafirði, gjörðu 7. nóvember 1941.
 2. Samningi um landleigu og fleira, gjörðum milli „formanns“ skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð og skóg-

- ræktarstjóra, undirrituðum 15. maí og 23. ágúst 1950.
3. Samningi um lóðarleigu, landnytjar o. fl., gjörðum milli „formanns“ skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð og skógræktarstjóra, undirrituðum 15. maí og 23. ágúst 1950.
 4. Samningi um lóðarleigu, gjörðum milli „formanns“ skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð og Volkers Lindemanns frá 12. sept. 1955.
 5. Heimild þeirri, sem Volker Lindemann hefir fengið til þess að reisa verzlunarskála og reka verzlun og benzín-afgreiðslu í landi Varmahlíðar.
 6. Leigusamningi á íbúðar- og veitingahúsi við hr. Pál Sigurðson, veitingamann í Varmahlíð.
 7. Veðsetningum fasteigna, gjörðum eftir 9. janúar 1940, þar á meðal veðsetningu til Sparisjóðs Sauðárkróks, kr. 200.000.00, gjörðri 11. nóvember 1957, útgefinni af hr. Bessa Gíslasyni.
 8. Ósamþykktum tillöguupprætti Skipulags ríkisins frá 1. febr. 1946.
 9. Skipulagsskrá fyrir Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð, sem samþykkt var á aðalfundi sýslunefndar Skagafjarðarsýslu 1958.
 10. Ábúðar- og byggingarsamningi á landi Varmahlíðar, austan Skagfirðingabrautar, gjörðum, dagsetningar og ártals ekki getið, milli Halldórs Benediktssonar og Gunnars Gíslasonar fyrir hönd skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð og bræðranna Vigfúsar og Markúsar Sigurjónssona á Reykjarhóli, sem nú sé yfirtekinn af Markúsi einum.
- C. Til greiðslu þessara neðangreindu fjárhæða:
1. Fyrir misstan arð og hagnað af jörðinni, sem sundurliðast þannig:
 - a. Misstar leigutekjur veitingahúsnæðis .. kr. 300.000.00
 - b. Misstir möguleikar á nýtingu heits vatns til gróðurhúsaræktunar og almennrar upphitunar svo og missir nýtingar rafstöðvar til suðu, ljósa m. fl., samtals .. — 250.000.00
 - c. Misstur nettóarður og hagnaður af búskap á jörðinni með 100 kindur, 3 kýr, garðrækt og ávaxtasölu ásamt bótum fyrir missi íbúðar, þ. e. tekjur fyrir eigin húsaleigu, þegar greidd hafa verið öll framleiðslulaun, afskriftir, vext-

ir og viðhald, tilheyrandi búskapnum, þar með taldar launagreiðslur vegna aukastarfa, benzínsölu að öllu leyti og fyrir símavörzlu að mestu leyti, samtals	kr. 215.000.00
d. Misst nettóþóknun fyrir símavörzlu, sbr. c, jafnvel þótt helmingur greiddrar þóknunar sé endurgreiddur í laun, samtals	— 180.000.00
e. Misst þóknun, sbr. c, fyrir benzín og olíu-sölu svo og leigu fyrir benzíngeymi, samt.	— 90.000.00
f. Misstur hagnaður af ýmsum leigurétti fyrir útisamkomur m. fl. svo og missir hagnaðar af verzlun með öl og sælgæti o.þ.h. vörur, samtals	— 90.000.00

Alls kr. 1.125.000.00

2. Skaðabætur fyrir spjöll á jörðinni, sem undurliðast þannig:

a. Bætur fyrir niðurrif safnþróar, allrar úr steinsteypu, 10 m $\times$ 10 m $\times$ hæð 6 m, með viðbyggðu haughúsi úr steinsteypu, 5 m $\times$ 10 m $\times$ hæð 3 m, með sérstöku tilliti til þess, að grafið var fyrir nær allri byggingunni í moldarmel	 kr. 140.000.00
b. Bætur fyrir niðurrif fjárhúss, steinsteypts og þiljaðs með tré, tveggja risa, fyrir 100 fjár	— 35.000.00
c. Bætur fyrir niðurrif steinsteyptrar hlöðu að hálfu leyti og bárujárnlæddrar að hálfu, 300 teningsmetrar	— 25.000.00
d. Bætur fyrir skemmdir og niðurrif á ca. 1000 metra langri gaddavírsgríðingu, fjórþættri	— 9.000.00
e. Bætur fyrir niðurrif kartöflujarðhúss með steypum veggjum, ca. 3 m $\times$ 3 m $\times$ 4 m hæð	— 8.000.00
f. Bætur fyrir niðurrif súrheysgeymslu, allrar steinsteyptrar, 4 m $\times$ 4 m $\times$ hæð 3 m	— 8.000.00
g. Bætur fyrir niðurrif á fjósi úr torfi fyrir 6 kýr	— 6.000.00
h. Bætur fyrir jarðarspjöll vegna grunns „héraðsskólans“ og eyðileggingar grunna	

gróðurhúsa	kr.	5.000.00
i. Bætur fyrir niðurrif á hesthúsi úr torfi fyrir 4 hesta	—	4.000.00
j. Bætur fyrir staðsetningu og lóð undir húsinu „Sjónarhóll“ ásamt bótum fyrir umferðarrétt að húsinu, framtíðarleiguréttur lóðar og umferðarréttur þó undanskilinn	—	25.000.00
k. Bætur fyrir staðsetningu og lóð undir húsinu „Laugabrekka“ ásamt bótum fyrir umferðarrétt að húsinu, framtíðarleiguréttur lóðar og umferðarréttur þó undanskilinn	—	20.000.00
l. Bætur fyrir staðsetningu og lóð undir suðurhluta búningasklefa sundlaugar ásamt bótum fyrir óhjákvæmilegan umferðarrétt að inngangi	—	20.000.00
m. Bætur fyrir staðsetningu og lóð undir suðausturhorn sundlaugar án nokkurs framtíðarumferðarréttar	—	10.000.00
n. Bóta fyrir staðsetningu og lóðir undir benzíntanka og söluskála V. Lindemanns verður ekki krafizt í þessu máli, þar eð ef leigusamningur hans verður dæmdur ógildur, þá verður í sérstöku máli krafizt niðurrifs eða brottflutnings þeirra mannvirkja ásamt réttmætum bótum. Ofangreindar skaðabætur miðast við 10. nóvember 1958, aðrar en bætur samkvæmt undirliðum l og m, sem eru taldar bætur í eitt skipti fyrir öll. Því er summa þessa kröfuliðar samtals	—	315.000.00
3. Til greiðslu miskabóta fyrir óþægindi og röskun á aðstöðu stefnanda, þar með talin endurgreiðsla á kostnaði við flutning verðmæta frá Varmahlíð, samtals	—	60.000.00
Samtals til greiðslu bóta samkvæmt þessum C-liðum fjárhæð		
<i>kr. 1.500.000.00 — ein milljón og fimm hundruð þúsund</i>		
— 00/100 eða aðra fjárhæð eftir mati dómsins með 6% ársvöxtum frá 10. nóvember 1958 til greiðsludags gegn endurgreiðslum frá stefnanda á kaupverði jarðarinnar með eða án		

skuldajafnaðar. Þar eð síðar undir rekstri málsins kunni að verða framkvæmd mót um einstaka liði kröfufjárhæðarinnar, þá áskilur stefnandi sér rétt til að hækka eða lækka þá liði í samræmi við þau mót.

Varakrafa:

- D. Verði eignarheimild ríkissjóðs Íslands frá 1940 á jörðinni Varmahlíð og aðrar eignarheimildir, af henni leiddar, ekki dæmdar ógildar, þá gerir stefnandi þá kröfu *til vara*, að „kaupverðsákvæði“ eignarnámslagasamningsins frá 9. janúar 1940, „Samtals krónur 28.000.00“, verði dæmt ógilt og honum dæmdar bætur, sem miðast við sannvirði eignarinnar í ársbyrjun 1940 ásamt tilheyrandi hitaréttindum, verðmætum rekstrarmöguleikum, hlunnindum, tekjumöguleikum af leigu húsa og lóða og öðrum verðmætum jarðarinnar, umreiknuðum með 6% vöxtum og vaxtavöxtum til núgildandi verðgildis íslenzku krónunnar, og það ekki lægri fjárhæð en
kr. 2.000.000.00 — krónur tvær milljónir 00/100 —
 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 25. júní 1959 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann hefur hinn 17. maí 1958 fengið gjafsókn og sér skipaðan málflutningsmann. Krefst hann málflutningslauna sér til handa, hvernig sem málið fer.

Til réttargæzlu hefur stefnandi stefnt eftirtöldum aðiljum án þess að gera nokkrar kröfur á hendur þeim: Páli Sigurðssyni veitingamanni, Varmahlíð, Volker Lindemann kaupmanni, Varmahlíð, Sigurði Jónassyni skógarverði, Laugabrekku við Varmahlíð, skógræktarstjóra Hákonni Bjarnasyni vegna Skógræktar ríkisins, Ragnari Pálssyni sparisjóðsformanni vegna Sparisjóðs Sauðárkróks og Markúsi Sigurjónssyni, Reykjarhóli.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en með leyfi, dags. 12. janúar 1959, hafa stefndu sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, Varmahlíðarfélagið og skólanefnd héraðsskólans í Varmahlíð fengið gjafvörn í málinu og þeim verið skipaður málflutningsmaður. Krefst hann málflutningslauna sér til handa eftir mati dómarans. Af hálfu réttargæzlustefndu eru engar kröfur gerðar.

Dómarinn leitaði sátta með aðiljum, en án árangurs.

Samkvæmt ósk málsaðilja og með heimild í 71. gr. laga nr. 85/1936 hefur sakarefni verið skipt þannig, að nú verður aðeins fjallað um A og B liði í dómkröfum stefnanda.

Tildrög málsins og málavextir eru á þessa leið:

I.

Stefnandi máls þessa er fæddur árið 1893. Hann stundaði búfræðinám í Noregi, Danmörku og Skotlandi árin 1916 til 1921, en það ár var hann skipaður kennari við búnaðarskólann á Hólum. Hefur hann síðan haft þann starfa á hendi. Árin 1928 til 1930 var hann við framhaldsnám í búvísindum í Þýzkalandi, sérstaklega ylrækt og garðrækt. Að þessu námi loknu, mun stefnandi hafa haft hug á að stofna til garðræktar samfara kennslustarfinu og hagnýta jarðhita til þeirrar ræktunar. Með bréfi, dags. 18. apríl 1931, fer hann þess á leit við ríkisstjórnina, að hann fái á leigu til garðræktar og kennslu í garðrækt svenefndan Reykjarhólsgarð í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, en eign þessi var 7.7 ha stórt landsvæði úr landi jarðarinnar Reykjarhóls. Hafði ríkissjóður fengið kauprétt á landsvæði þessu með kaupsamningi, dags. 26. október 1930, en í spildu þessari voru allar heitar uppsprettur í landi Reykjarhóls. Afsal fyrir Reykjarhólsgarði fékk ríkissjóður svo 23. september 1932. Þessi mála-leitan stefnanda bar þó ekki árangur að sinni, því nefnt landsvæði hafði þá þegar verið selt Kaupfélagi Skagfirðinga á leigu til 10 ára með leigusamningi, dags. 13. apríl 1931. Hins vegar framleigði kaupfélagið stefnanda land þetta, Reykjarhólsgarð, hinn 28. marz 1932. Er svo að sjá, að hann hafi haft eign þessa á leigu til ársloka 1939 og rekið þar garðrækt. En auk þess að taka á leigu Reykjarhólsgarð festi stefnandi hinn 29. júlí 1934 kaup á nýbýlinu Varmahlíð í Seyluhreppi fyrir kr. 13.500.00, en býli þetta, sem stofnað var árið 1930 úr landi jarðarinnar Reykjarhóls, liggur sunnan að Reykjarhólsgarði og er talið ca. 20 ha að flatarmáli.

Stefnandi hóf þegar framkvæmdir og búrekstur á jörð sinni Varmahlíð. Reisti hann þar ýmsar byggingar og hóf þar m. a. veitingarekstur árið 1935. Kveðst hann hafa stundað búreksturinn í Varmahlíð þann tíma árs, sem skólinn á Hólum starfaði ekki, en haft þar ráðsmann að vetrinum, meðan hann sjálfur var bundinn við skólastörf. Kveður stefnandi, að það hafi fyrir sér vakað, að þarna yrði framtíðarheimili sitt, að svo miklu leyti sem hann væri eigi bundinn við kennslustörfin á Hólum. Með

leigusamningi, dags. 11. apríl 1936, leigði stefnandi Ingibjörgu Jóhannsdóttur hluta af húsum og jarðarafnotum, og rak hún þarna skóla og veitingarekstur til vorsins 1941.

II.

Árið 1936 var vaknaður mikill áhugi í Skagafirði fyrir stofnun alþýðuskóla, og hinn 30. ágúst það ár var efnt til fundar í Varmahlíð. Má ráða af bréfi til Menntamálaráðuneytisins, sem dags. er 6. september s. á og undirritað er af tveimur mönnum, sem tjá sig vera formann og ritara nýstofnaðs félags, að stofnað hafi verið 30. ágúst í Varmahlíð félag með því markmiði m. a. „að taka á leigu hjá ríkisstjórninni Reykjarhólseignirnar í því skyni, að þar verði í framtíðinni rekinn margs konar almenn starfsemi til hagsbóta og menningar fyrir héraðið“. Í bréfi þessu spyrjast þessir tveir stjórnarnefndarmenn fyrst fyrir um það, hvort félagið geti eigi fengið umráðarétt yfir hinu heita landi við Reykjarhól, en þar mun vera átt við Reykjarhólsgarð, sem ríkisstjórnin hafi keypt nokkrum árum áður með tilliti til þess, að þar risi upp menningarstofnun fyrir héraðið. Hafi það verið álit fundarmanna, segir í bréfinu, að þar væri bezti skólastaðurinn. Þessari málaleitan svarar ráðuneytið á þá lund hinn 10. desember 1936, að það gefur félaginu kost á umræddu landi til 5 ára með ýmsum skilyrðum, m. a. að landið verði notað „til byggingar skólahúss og annarra hluta og mannvirkja, sem nauðsynleg verða fyrir rekstur skólans og starfsemi hans, enda sé aðalundirbúningi að skólastofnun lokið og framkvæmdir byrjaðar innan 5 ára frá 1. janúar 1937“.

Stefnandi kveðst eigi hafa tekið þátt í stofnun þessa félags, þótt hann væri annars fylgjandi hugmyndinni um héraðsskóla í Skagafirði, og segist hann þegar eindregið hafa mótmælt því, að félagið væri kennt við býli hans Varmahlíð, en sú hafi verið ráðagerð stofnendanna. Hafi þessi mótmæli sín leitt til þess, að félagið sé hvorki nafngreint í áðurgreindu bréfi frá 6. september 1936 né heldur vonarbréfi Dómsmálaráðuneytisins frá 10. desember 1936.

Eigi verður með vissu séð, hvernig sú hugmynd verður til, að býli stefnanda, Varmahlíð, sé ákjósanlegur staður fyrir héraðsskóla, því upphaflega virðast forgöngumenn skólamálsins í Skagafirði fyrst og fremst hafa haft augastað á Reykjarhólsgarði. En svo er að sjá, að þessi hugmynd sé komin á flot snemma á árinu 1937, og er því haldið fram af stefnanda, að í febrúarmánuði

það ár hafi fulltrúafundur í hinu áðurnefnda nafnlausa félagi samþykkt lög fyrir félagið. Hefur hann því til sönnunar lagt fram fjölrítað, óundirritað skjal, sem heitir „Tillögur um lög fyrir félagið Varmahlíð“. Samkvæmt 1. gr. þeirra á félagið að heita Varmahlíð og heimili þess og varnarþing að vera í Varmahlíð. Tilgangur félagsins er að efla andlega og líkamlega menningu í Skagafirði (2. gr.), og hyggst félagið ná honum með því að koma upp við jarðhitann í Varmahlíð fullkomnum héraðsskóla. Í 4. gr. samþykktu þessara segir, að félagið hyggist afla fjár með því m. a. að halda um Jónsmessuleytið ár hvert vorsamkomu í Varmahlíð og að starfrækja í Varmahlíð sumargistihús. Þá var Varmahlíð í Skagafirði einnig í júní þetta sama sumar tekin í lög sem héraðsskólasetur, sbr. lög nr. 28/1937, en vel má vera, að í lögum þessum sé raunverulega átt við Reykjarhólsgarð, þrátt fyrir nafnið Varmahlíð.

Næst er þess að geta, að á árinu 1938 hefst Varmahlíðarfélagið svonefnda handa um sundlaugarbyggingu í landi því, sem nefnt hefur verið Reykjarhólsgarður. Var sundlaugin staðsett þétt að mörkum býlis stefnanda, Varmahlíð, og er því haldið fram af hans hálfu, að hluti hennar eða a.m.k. hluti búningssklefa hennar hafi náð inn í land stefnanda. Hafi og mestallur uppgröftur úr grunni laugarinnar verið settur inn á land hans. Stefnandi kvaðst þegar hafa kvartað yfir þessu, en mótmælum hans ekki verið sinnt og ekki heldur tilraunum hans til þess að komast að samkomulagi um staðsetningu laugarinnar. Einnig kveðst hann hafa sent páverandi kennslumálaráðherra skrifleg mótmæli út af þessu jarðraski á landi Varmahlíðar, en það bréf hefur ekki komið í leitirnar. Loks má geta þess hér, að í októbermánuði 1938 keypti ríkissjóður jörðina Reykjarhól, og átti ríkissjóður þá alla Reykjarhólstorfuna, að undanskilinni Varmahlíð, býli stefnanda.

III.

Samkvæmt óvefengdri skýrslu stefnanda átti annar af þingmönnum Skagfirðinga, Steingrímur Steinþórsson, símtal við hann hinn 4. apríl 1939 og tjáði honum, að lagt mundi verða fram á Alþingi frumvarp til laga um eignarnám eða leigunám á býli hans Varmahlíð til afnota fyrir héraðsskóla Skagfirðinga, sem reisa ætti við Reykjarhól, þar sem vitað væri, að hann vildi ekki semja um sölu jarðarinnar. Stefnandi kveðst hafa orðið mjög undrandi, er hann fékk þessa fregn, því til þess tíma hefði enginn leitað eftir samningum við sig um kaup á Varmahlíð, og

segist hann hafa svarað alþingismanninum því einu, að hann, stefnandi, réði eigi gerðum Alþingis. Frumvarpi þessa efnis mun svo hafa verið útbýtt á Alþingi sama dag, og þegar stefnandi heyrði frá því sagt í þingfréttum litlu síðar, sendi hann Alþingi símskeyti hinn 15. apríl sama ár, og segir þar m. a.:

„Mótmæli réttmæti eignarnámstöku nýbýlisins Varmahlíðar og lögbýlisafnámi. Afhendi fúslega skólanum nauðsynlegt land að dómi óvilhallra sérfræðinga. Teljist nauðsynlegt, seljast byggingar gegn vissum skilyrðum. Mótmæli þörf skólans á auknu heitu vatnsmagni, þar sem hann nýtur vatnsréttinda ríkislandsins, er fullnægir þörf tvö þúsund manns“

Þessi mótmæli komu þó ekki að haldi, og varð frumvarpið að lögum nr. 29 frá 12. júní 1939, en með lögum þessum var ríkisstjórninni heimilað að taka eignar- eða leigunámi jörðina Varmahlíð í Seyluhreppi til afnota fyrir héraðsskóla Skagfirðinga.

Eftir gildistöku nefndra laga fóru fram samkomulagsumleit-anir milli stefnanda og umboðsmanns ríkisstjórnarinnar um kaup á jörðinni Varmahlíð, en þær báru ekki árangur. Reyndi stefnandi í lengstu lög að halda einhverjum hluta Varmahlíðar, og með bréfi, dags. 17. nóvember 1939, fer hann þess á leit við ríkisstjórnina, að hann fái að halda til eignar og umráða 8 ha spildu austan Skagfirðingabrautar ásamt afnotarétti af heitu vatni úr 1 tommu pípu úr Háahver. Eigi var þessari beiðni sinnt, og nokkrum dögum síðar, eða 4. desember 1939, óskaði Dóms- og kirkjumálaráðuneytið þess, að sýslumaður Skagafjarðarsýslu útnefndi tvo óvilhalla menn til þess að framkvæma mat á Varmahlíð með öllum mannvirkjum, að engu undanskildu, þar sem ákveðið hefði verið að taka jörðina eignarnámi samkvæmt heimild í lögum nr. 29 frá 1939. Fór útnefning matsmanna fram hinn 4. janúar 1940.

Þegar svo var komið, kveður stefnandi, að hann hafi séð sig tilneyddan til þess að láta jörð sína af hendi, og seldi hann ríkissjóði hana með afsali, dags. 9. janúar 1940, fyrir kr. 28.000.00. Var jörðin seld með mannvirkjum öllum, gögnum og gæðum, að engu undanskildu og án þess, að nokkurra skilyrða af hendi stefnanda um framtíðarnotkun hennar væri getið í afsalinu, en salan var miðuð við næstu fardaga vorið 1940. Greiðsla fór fram með þeim hætti, að kaupandi greiddi við undirskrift kr. 7.500.00, tók að sér áhvílandi lán, en afganginn, kr. 7.961.53, skyldi hann greiða á næstu tveimur árum með 5% ársvöxtum,

og verður ekki annað séð en sú greiðsla hafi farið fram með þeim hætti, sem kaupsamningurinn kvað á um.

IV.

Eigi verður annað ráðið af gögnum málsins en að fyrirsvarsmenn Varmahlíðarfélagsins hafi haft fullan hug á því, að héraðsskóli yrði reistur í Varmahlíð, og með bréfi, dags. 10. janúar 1941, fara umboðsmenn þess fram á það við ríkisstjórnina, að félagið fari með umboð á þeim eignum, sem keyptar hafi verið handa hinum væntanlega héraðsskóla. Varð endir þeirrar umleitunar sá, að með lögum nr. 66/1941 var ríkisstjórninni heimilað að selja Varmahlíðarfélaginu jörðina Reykjarhól ásamt nýbýlinu Varmahlíð með því skilyrði, að þar yrði reistur héraðsskóli, og hinn 7. nóvember 1941 selur og afsalar ríkisstjórnin „til Varmahlíðarfélagsins í Skagafirði, vegna héraðsskóla Skagfirðinga, jörðinni Reykjarhóli í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu ásamt nýbýlinu Varmahlíð með öllum húsum og mannvirkjum, gögnum og gæðum fyrir kr. 30.000.00“. Var afsal þetta móttekið til þinglýsingar í Seyluhreppi 17. desember 1941 og skráð í afsals- og veðmálabækur Skagafjarðarsýslu. Eigi voru kaupanda í afsali þessu sett nein skilyrði um notkun hins selda eða byggingu héraðsskóla þar. En fyrr á árinu hafði sýslunefnd Skagafjarðarsýslu látið málið til sín taka og samþykkt samvinnu við Varmahlíðarfélagið um stofnun og rekstur héraðsskóla í Varmahlíð, og veitti sýslusjóður nokkurt fé í því skyni. Jafnframt var samþykkt, að sýslunefnd kysi tvo menn í skólanefnd, en ráð fyrir því gert, að Varmahlíðarfélagið kjósi aðra tvo. Þá skipaði fræðslumálastjórnin skólanefndarformann hinn 16. apríl 1941, og er talið, að hann hafi haldið þeim starfa til 16. febrúar 1944. Framkvæmdir virðast þá hafa verið hægfara, og það er ekki fyrr en árið 1945, að fyrir hendi er fullgerður uppdráttur af fyrirhuguðu skólahúsi, en í febrúarmánuði næsta ár, 1946, lýkur skipulagsstjóri við yfirgripsmikinn uppdrátt að skipulagi í Varmahlíð. Gerir uppdráttur þessi ráð fyrir margháttaðri skólastarfsemi þar. Um skólastarfsemina í Varmahlíð á þessum árum er það annars fram komið, að eitthvert skólahald var þar í gamla húsinu árin 1944—1946. Um þetta leyti, líklega árið 1945, var byrjað á byggingu skólahúss í Varmahlíð. Var grafið fyrir grunni þess og hann steiptur, og hefur ríkissjóður samkvæmt vottorði ríkisbókhaldsins greitt eftirtalдар fjárhæðir í stofnkostnað til Varmahlíðarfélagsins og héraðsskólans í Varmahlíð:

Árið 1945 kr. 36.012.45, árið 1946 kr. 98.551.08, árið 1947 kr. 90.000.00 og árið 1948 kr. 30.000.00. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu lét málið einnig enn til sín taka, því árið 1946 ábyrgist sýslusjóður allt að 115 þús. króna lán til skólabyggingar í Varmahlíð, og árið eftir, 1947, var ábyrgðarheimildin hækkuð upp í kr. 500.000.00. Skólinn reis þó ekki af grunni, og stendur svo enn, að byggingunni hefur ekki verið haldið áfram, og markar nú aðeins fyrir grunni þeim, sem gerður var.

Með lögum nr. 22 frá 1946 og fleiri lögum frá því ári, svo sem lögum nr. 48 7. maí 1946 um gagnfræðanám, voru gerðar miklar breytingar á skólakerfi landsins. Leiddi sú breyting til þess, að hinir fornu héraðsskólar féllu inn í hið almenna skólakerfi ríkisins. Náði þetta að sjálfsögðu einnig til hins fyrirhugaða héraðsskóla í Varmahlíð. Var kjörin skólanefnd fyrir skólann og skólanefndarformaður skipaður samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1946. Fór sú skipun fram 21. október 1946, og er talið, að við þá skipun hafi staðið síðan, en eigi verið fylgt fyrir mælum 9. gr. laga nr. 48/1946 um skipun formanns skólanefndar, að liðnu því kjörtímabili, er þar greinir. Er svo að sjá, að breytingar þær, sem nefnd löggjöf gerði á skólakerfinu almennt, hafi orkað slævandi á héraðsskólamál Varmahlíðarfélagssins, og virðast allar framkvæmdir af þess hálfu í þá átt að halda áfram byggingu héraðsskólans fyrirhugaða hafa fallið í dá árið 1947, og er því reyndar haldið fram af stefnanda, að félagið hafi í raun og veru lognast út af árið 1946, en sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og „skólanefnd héraðsskólans“ farið með mál efni Varmahlíðar. En hvað sem um það er, þá verður ekki ráðið af gögnum málsins, að neinar framkvæmdir hafi átt sér stað í héraðsskólamálinu, að liðnu árinu 1947, og er reyndar ekki glöggt, hvort nokkuð hefur verið aðhafzt á því ári, þótt 90.000.00 króna framlag úr ríkissjóði bendi reyndar til þess. Er það ekki fyrr en á árinu 1956, að skólamálinu skýtur upp aftur, en þá gerist það, að mál Varmahlíðar eru tekin til umræðu á aukafundi í sýslunefnd Skagafjarðarsýslu dagana 27. og 28. nóvember það ár. Er þá tekin til umræðu álitserð, „er skólanefnd héraðsskólans í Varmahlíð hafði samþykkt á fundi sínum í Varmahlíð 23. nóvember 1956, til sýslunefndar Skagafjarðarsýslu“. Varð niðurstaða þessa máls á sýslufundinum sú, að samþykkt var svo felld ályktun:

„1. Með hliðsjón af breyttum viðhorfum í skólamálum í landinu, síðan héraðsskólalögin voru sett, og að gefnu tilefni, telur

sýslunefndin, að eins og sakir standa, sé ekki grundvöllur fyrir byggingu héraðsskóla í Varmahlíð.

2. Sýslunefndin ályktar að kjósa tvo menn til að semja við fræðslumálastjóra og ríkisstjórn um sameiginlegar fjárreiður sýslu og ríkis í Varmahlíð og framtíðarskipun mála þar. Enn fremur semji sömu menn við póst- og símamálastjórnina og umferðarmálastjórnina um greiðslur fyrir afnot húsa og mannvirkja á staðnum.
3. Sýslunefndin telur æskilegt, að sem flest skólahverfi sýslunnar taki höndum saman um að reisa heimavistarbarnaskóla í Varmahlíð“ Í 4. til 8. lið ályktunarinnar er því svo lýst, að æskilegt sé, að upp komi félagsheimili í Varmahlíð og ákvörðun tekin um að endurbæta og leigja til veitingareksturs húsakynni þau, sem á þessum stað voru, og lántökur heimilaðar í því skyni.

Hér hefur nú verið rakið það, sem fram er komið í málinu um framkvæmdir í þá átt að reisa héraðsskóla í Varmahlíð, og skal þá vikið að öðrum framkvæmdum þeirra aðilja, sem ríkjum réðu í Varmahlíð, eftir að stefnandi lét þessa eign sína af hendi árið 1940.

V.

Svo sem áður er rakið, hóf stefnandi veitingarekstur í Varmahlíð árið 1935, en vorið 1936 seldi hann Ingibjörgu Jóhannsdóttur á leigu húsnæði þar til skólahalds og veitingareksturs, og hélt hún þeirri aðstöðu til vors 1941. Þegar svo Varmahlíðarfélagið fékk umráð Reykjarhólseignarinnar og Varmahlíðar síðla árs 1941, svo sem áður er getið, hélt það áfram veitingastarfseminni, og eftir að Halldór Benediktsson hafði verið skipaður skólanefndarformaður 1946, mun hann í samráði við skólanefnd hafa haft á hendi umsjá og rekstur þessara eigna, gert leigusamninga um lóðarspildur úr Reykjarhólseignum og Varmahlíðar, en þær ráðstafanir verða hér aðeins raktar, að því er Varmahlíð varðar. Á þá jörð hafa samkvæmt gögnum málsins verið lagðar eftirtaldar þinglesnar kvaðir og eignarhöft, eftir að stefnandi lét hana af hendi við ríkissjóð 1940.

1. Hinn 15. maí og 23. ágúst 1950 lætur formaður skólanefndarinnar f. h. nefndarinnar og með samþykki fræðslumálastjóra Skógrækt ríkisins í té landspildu, sem að hluta er í landi Varmahlíðar, til skógræktar og lóð undir íbúðarhús ásamt 2 ha

landi til afnota fyrir skógarvörð ásamt beitarafnotum fyrir þrjá stórgripi, og hafði íbúðarhús skógarvarðar þá þegar verið reist á lóð þessari. Eru heimildarbréf þessi afhent til þinglesturs 6. nóvember s. á.

2. Hinn 12. september 1955 fær Volker Lindemann á leigu lóð undir íbúðarhús ásamt vatnsréttindum, og er þessi samningur afhentur til þinglýsingar sama dag. Hefur íbúðarhús einnig verið reist á þessari lóð.

Auk þess hefur Markúsi og Vigfúsi Sigurjónssonum verið leigt til 5 ára „engi nýbýlisins Varmahlíðar“, en eigi er upp komið, hvenær sá samningur er gerður, og eigi virðist hann hafa verið þinglesinn. Sama máli gegnir um heimild til Volkers Lindemanns til þess að reisa verzlunarskála og reka verzlun og benzínsölu þá í landi Varmahlíðar, sem nú á sér stað þar. Þá var Páli Sigurðssyni leigt íbúðar- og veitingahúsið í Varmahlíð til gistihúss og veitingareksturs, að lokinni gagngerðri viðgerð, sem fram fór fyrri hluta árs 1957 samkvæmt ákvörðun aukasýslufundarins, sem haldinn var 27. og 28. nóvember 1956 og áður hefur verið getið um. Situr Páll enn í þeirri leigu, en eigi liggur fyrir skriflegur samningur um þessi afnot hans.

Loks er rétt að geta þess hér, að hinn 11. nóvember 1957 veðsetur „skólanefnd héraðsskólans, Varmahlíð“ Sparisjóði Sauðárkróks jörðina Varmahlíð til tryggingar kr. 200.000.00 láni. Er sú veðsetning afhent til þinglýsingar sama dag.

VI.

Þá þykir rétt að rekja hér sérstaklega viðbrögð stefnanda við umsýslu og athöfnum þeirra aðilja, sem fengu umráð Varmahlíðar, eftir að hann afsalaði jörðinni 9. janúar 1940, og er þá farið eftir sögusögn hans og skjallægum gögnum málsins, að svo miklu leyti sem þau eru fyrir hendi.

Stefnandi kveðst þrátt fyrir ofangreint afsal, sem hann hafi verið þvingaður til að láta í té, stöðugt hafa verið þeirrar skoðunar, að hann ætti rétt og kröfu til þess að fá jörð sína, Varmahlíð, aftur til eignar og umráða, ef hún yrði eigi tekin til þeirra nota, sem eignarnámsheimild laga nr. 29/1939 gerði ráð fyrir, þ. e. undir héraðsskóla. Hafi hann því haft vakandi auga með því, hvað framkvæmdum liði og hversu skólamálinu miðaði áfram, og ávallt frá upphafi verið ákveðinn í því að halda fram mögulegum rétti sínum til þess að fá jörðina aftur. Þess vegna

hafi hann t. d. þegar hinn 11. maí 1942, er hann fékk vitneskju um áður nefnt afsal ríkissjóðs til Varmahlíðarfélagsins frá 7. nóvember 1941, lýst því yfir við sýslumann Skagfirðinga, að hann teldi þá eignaryfirfærslu óréttmæta og að hann mundi krefjast riftunar á afsali sínu frá 9. janúar 1940 og skaðabóta, jafnskjótt og séð væri, að héraðsskóli yrði eigi reistur í Varmahlíð. Þá segist stefnandi og hafa hreyft þessu máli við Vilhjálmm Þór í ráðherratið hans, líklega árið 1943, og beðið hann að taka málið upp í ríkisstjórninni, þ. e. að hann fengi Varmahlíð aftur. Síðan kveðst stefnandi af og til allt fram á árið 1956 hafa borið fram mótmæli við sýslumann Skagfirðinga út af misnotkun jarðarinnar og spurzt fyrir um það hjá honum, hvort eigi væri kominn tími til þess að krefjast riftunar og skaðabóta, en sýslumaður svaraði því einu til, að enn væri eigi útséð um það, hvort skólinn yrði reistur, og að eigi skipti máli fyrir hann, hvort hann hæfist handa strax eða síðar. Eigi liggur þó fyrir skýrsla sýslumanns um þessi viðtöl, og stefnandi hefur eigi tilgreint stund eða stað, að fráskildum 11. maí 1942, og ekki kemur fram, að stefnandi hafi nokkurn tíma fylgt þessum munnlegu kvörtunum eftir með skjalllegri staðfestingu á þeim. Þá segist stefnandi einnig á árinu 1946 hafa beðið hæstaréttarlögmann í Reykjavík að höfða riftunarmál, en hann ekki talið það tímabært þá, eins og á stóð. Loks kveðst stefnandi öll árin 1942 til 1956 margoft hafa munnlega mótmælt notkun jarðarinnar Varmahlíðar við framámenn Varmahlíðarfélagsins og héraðsskólamálsins, en jafnan fengið þau svör, að þetta kæmi honum ekkert við. Hann hefði selt jörðina af fúsum vilja og skólinn yrði reistur.

Af hálfu stefndu er því algerlega mótmælt, að stefnandi hafi nokkru sinni á framannefndu tímabili hreyft kvörtunum um það, að hann væri óánægður með söluna á Varmahlíð eða að hann mundi gera kröfu til þess að fá jörðina aftur fyrr en hinn 13. júlí 1957, en þann dag ritar stefnandi menntamálaráðherra bréf og krefst þess, að jörðin Varmahlíð ásamt öllum gögnum og gæðum verði viðurkennd réttmæt eign hans, þar sem hún sé og hafi verið nytjuð á allt annan hátt en eignarnámslögin nr. 29 frá 1939 hafi gert ráð fyrir og heimili. Mun tilefni þessa bréfs vera samþykkt aukasýslufundarins í nóvember 1956, sem áður er getið. Menntamálaráðuneytið vísaði kröfu þessari á bug með bréfi, dags. 27. maí 1958, og höfðaði stefnandi þá mál þetta, svo sem áður er greint.

VII.

Hér að framan hefur verið lýst aðdraganda málsins og þeim atvikum, sem til álita koma við úrlausn þess, svo og afstöðu stefnanda samkvæmt skýrslu hans og athöfnum hans í þá átt að varðveita þann rétt, sem hann telur sig eiga til jarðarinnar Varmahlíðar. Er þá næst fyrir hendi að gera grein fyrir þeim rökum, sem hann byggir þær kröfur sínar á, sem um er fjallað í þessum þætti málsins.

Í fyrsta lagi er því haldið fram af hans hálfu, að eigi hafi að stjórnskipunarlægum verið skilyrði til þess, að margnefnd eign hans yrði tekin eignarnámi, þar sem eigi hafi verið um almenningsþörf að ræða. Land það, sem völ hafi verið á til skólaseturs, þ. e. Reykjarhólsgarður, þegar jörðin Varmahlíð var lögtekin sem skólasetur árið 1937 og þegar eignarnámið var samþykkt á Alþingi 1939, hafi í alla staði verið fullnægjandi fyrir skólasetur og þær byggingar, sem af því hlaut að leiða, og í því landi hafi einmitt verið allur sá jarðhiti, sem þá var vitað um á þessum slóðum. Hafi það því verið fjarri öllu lagi að taka alla jörð sína, jafnvel þótt athugun hefði leitt í ljós, að nauðsynlegt væri að taka einhvern hluta hennar, því óheimilt sé að taka eignarnámi meira en brýnasta nauðsyn krefur. Beri af þessum sökum að meta lög nr. 29/1939 ógild, en það sé einmitt á valdi dómstóla að meta það, hvort almenningsþörf sé fyrir hendi, þegar um eignarnám sé að ræða.

Þá færir hann í öðru lagi fram þau rök fyrir máli sínu, að eignarnámsslögin nr. 29/1939 hafi orðið til þess, að hann hafi neyðzt til þess að afsala eign sinni, Varmahlíð, í janúar 1940, er eignarnámssverðið hafi hangið yfir höfði sér. Hann hafi undirritað afsalið nauðugur og þvingaður af fortölum og ótta um það, að hann mundi bera enn skarðari hlut frá borði, ef jörðin yrði metin. Hafi hér í reynd alls ekki verið um frjálsa sölu að ræða af hans hendi og eigi annað falizt í afsalinu en ákvörðun um það, hvaða verði hann yrði að hlíta. Geti því eigi skipt máli, þótt það hafi verið látið undir höfuð leggjast að geta þess í afsalinu, að afhending jarðarinnar væri því skilyrði bundin af hans hálfu, að héraðsskóli yrði reistur á eigninni, en það hafi verið alveg fortakslaus forsenda af hans hendi. Bendir stefnandi í þessu sambandi á það, að talið hafi verið óþarft að fylgja ákvæðum laga um forkaupsrétt að jörðum, þar sem hér væri um að ræða eignaryfirfærslu samkvæmt eignar-

námsheimild. Þá hefur því og verið haldið fram af hálfu stefnanda, að hugarástand hans hafi verið þannig við samningsgerðina eftir það allt, sem á undan var gengið, að samningur sá um kaupverðið, sem í afsalinu felist, hljóti að vera ógildur vegna ákvæða 7. gr. laga nr. 73/1933, enda hafi afsalið verið samið af umboðsmanni ríkissjóðs og stefnandi ekki fengið að koma að neinum athugasemdum. Sé af þessu öllu ljóst, að atvik og aðdragandi að samningsgerðinni hafi verið með þeim hætti, að varða eigi ógildingu afsals þess, er hann undirritaði umræddan dag.

Í þriðja lagi heldur stefnandi því fram, að enda þótt að eigi yrðu talin skilyrði til þess að rifta afsalinu fyrir Varmahlíð af þeim ástæðum, sem nú hefur verið getið, þá hafi atburðarás næstu ára orðið sú, að brostið hafi allar þær forsendur, sem byggt hafi verið á, bæði í eignarnámslögnum og við afhendingu hans á jörðinni í hendur ríkissjóðs. Reyndin hafi orðið sú, að héraðsskóli hafi ekki enn verið reistur í Varmahlíð, og með framangreindri ályktun sýslufundar Skagafjarðarsýslu 1956 hafi það mál endanlega verið lagt á hilluna. Það hafi líka lengst af verið svo, að sú litla viðleitni, sem sýnd hafi verið í þá átt að byggja skóla þar, hafi mótazt af ótta við aðgerðir af hans hálfu, því venjulega hafi það verið svo, að einhverjar sýndarathafnir hafi verið framkvæmdar, þegar hann hafi borið fram mótmæli og gert sig líklegan til þess að ganga eftir rétti sínum. Svo hafi farið, þegar hann árið 1942 hafi mótmælt afsali ríkissjóðs til Varmahlíðarfélagsins, og af sömu rótum sé t. d. runnið unglingaskólahald í Varmahlíð 1944 til 1946. Stefnandi kveðst þó í lengstu lög hafa skirrt við að efna til málssóknar og leita réttar síns með þeim hætti, en hann hafi þrátt fyrir það á engan hátt fyrirgert rétti sínum og haldið honum fram við rétta aðilja, og er skýrslum stefnanda um það lýst í VI hér að framan. Hins vegar hafi hann ekki beðið boðanna lengur, er sýslunefndin tók endanlega afstöðu til skólamálsins 1956 og ótvírætt var orðið, að skólinn yrði ekki byggður og að Varmahlíð mundi eigi tekin til þeirrar notkunar, sem eignarnámsheimildin byggðist á. Neitar hann því eindregið, að hann hafi á nokkurn hátt fyrirgert rétti sínum til að fá aftur margnefnda jörð, þótt hann hafi eigi hafizt handa um málssókn, fyrr en hann gerði.

Stefndu hafa eindregið mótmælt kröfum stefnanda og framangreindum rökstuðningi hans. Kveða þeir, að full þörf hafi verið fyrir Varmahlíð sem skólastað í Skagafirði á þeim tíma, er lög

nr. 29/1939 voru sett, enda hafi þar af mörgum ástæðum verið beztu staðurinn fyrir héraðsskóla. Alþingi hafi með nefndum lögum fallið á og metið, að um almenningsþörf væri að ræða. Og þar sem það atriði sé háð mati löggjafans, verði stjórnskipulegt gildi laganna hvorki vefengt né þau felld úr gildi af dómstólum. Þetta skipti þó eigi máli í þessu sambandi, þar sem eignarnám hafi eigi farið fram og verið óþarft, því stefnandi hafi selt ríkissjóði jörð sína Varmahlíð frjálstri sölu með afsalinu 9. janúar 1940. Hann hafi sjálfur og af frjálsum vilja tekið þann kost að semja um sölu á jörðinni í stað þess að láta meta hana til verðs samkvæmt ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms, og hafi sú ákvörðun stefnanda ugglaut verið byggð á því, að hann hafi talið sig fá hærra verð með því móti. Hins vegar hafi hann ekki átt neitt á hættu, þótt mat færi fram, og sá kostur við höndina að skjóta undirmati til sérstaks yfirmats, ef hann hefði talið sinn hlut fyrir borð borinn við undirmatið.

Þá mótmæla stefndu því alfarið, að umboðsmaður ríkissjóðs hafi beitt stefnanda nokkurri þvingun við samningsgerðina 9. janúar 1940, og komi því ekki til álita, að um nokkrar þær ástæður sé að ræða, er varða eigi ógildingu afsals stefnanda fyrir Varmahlíð, hvorki vegna beinnar né óbeinnar nauðungar fyrr né síðar. Eigi hafi heldur á nokkurn hátt verið beitt óleyfilegum fortölum né brotið gegn ákvæðum 3. kafla laga nr. 7/1936 eða ákvæðum laga nr. 73/1933. Þá halda stefndu því fram, að það sé fjarri öllu lagi að bera fram slíkar mótbárur, fullum 17 árum eftir að afsalsgerningurinn var gerður, og er því algerlega mótmælt af stefndu, að stefnandi hafi nokkurn tíma fyrr en í bréfi sínu til menntamálaráðherra 13. júlí 1957 hreyft því, að hann hefði verið beittur þvingun til að selja Varmahlíð eða að hann væri óánægður með það verð, er hann fékk fyrir jörðina.

Á sama hátt er því andmælt af hálfu stefndu, að sala ríkissjóðs til Varmahlíðarfélagssins 7. nóvember 1941 og meðferð og notkun nefnds félags á Varmahlíð hafi verið með þeim hætti, að stefnandi geti reist ógildingu afsals síns og endurheimt jarðarinnar á þeim forsendum. Varmahlíðarfélagið hafi fengið jörðina með því skilyrði, að þar yrði reistur skóli, og að því marki hafi félagið beint starfsemi sinni. Þar hafi verið unnið að undirbúningi héraðsskólabyggingar og þar hafi verið haldinn skóli. Hins vegar hafi orðið allmikil breyting á viðhorfum til héraðsskólaihalds almennt með fræðslulöggjöf þeirri, sem sett var árið 1946, og þeim breytingum, sem þá voru gerðar á skólakerfi

landsins. Hafi héraðsskólamálið tafizt af þeim sökum, en það sé enn vilji héraðsbúa að reisa skóla í Varmahlíð og að því unnið, svo sem fram komi af tillögu að skipulagsskrá, sem samþykkt hafi verið á sýslufundi Skagafjarðarsýslu árið 1958, en samkvæmt henni sé gert ráð fyrir, að Varmahlíð falli til sjálfs eignarstofnunar, sem m. a. hafi það á stefnuskrá sinni að reisa héraðsskóla, barnaskóla og félagsheimili í Varmahlíð, samfara annarri menningarstarfsemi þar og veitinga- og gistihúsarekstri. Það sé því síður en svo, að Varmahlíðarfélagið, skólanefnd héraðsskólans eða sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hafi nokkuð af sér brotið gagnvart stefnanda, jafnvel þótt svo yrði litið á, að það hefði verið forsenda fyrir afsalsgerningi hans hinn 9. janúar 1940, að héraðsskóli yrði reistur í Varmahlíð. Athafnaleysi eða fráhrar í þeim efnum gæti í hæsta lagi leitt til þess, að ríkissjóður geti rift sölunni á Varmahlíð til Varmahlíðarfélagsins, en gefi stefnanda hins vegar engan rétt, enda hefði hann einnig að þessu leyti fyrirgert öllum þeim rétti, sem hann kynni að hafa haft til mótmæla eða mögulegrar riftunar, með aðgerðarleysi sínu öll þessi ár, svo sem fram komi af gögnum málsins.

VIII.

Með samþykkt laga nr. 29/1939 heimilaði Alþingi, að jörðin Varmahlíð yrði tekin eignarnámi til þess að reisa þar héraðsskóla, og kvað þannig á um, að almenningsþörf væri fyrir því að fá þenna stað til umræddra nota. Þessu mati löggjafans verða dómstólar að hlíta, og verður stjórnskipulegu gildi nefndra laga þegar af þeirri ástæðu ekki haggð.

Koma þá til álita þær staðhæfingar stefnanda, að atvik og aðdragandi að samningsgerðinni 9. janúar 1940 hafi verið með þeim hætti, að honum sé heimil riftun á afsali því, er hann undirritaði nefndan dag fyrir jörðinni Varmahlíð, og að hann geti heimt hana sér til eignar á nýjan leik.

Af gögnum málsins um aðdraganda að setningu laga nr. 29/1939 og viðbrögð stefnanda við samningaumleitunum þeim, er áttu sér stað um kaup á oftnefndri jörð, eftir að eignarnámsheimildin var samþykkt, þykir nægilega í ljós leitt, að stefnanda hafi verið það alveg þvert um geð að láta Varmahlíð með öllu af hendi og þá aðstöðu, sem hann hafði þar til að hagnýta sér jarðhita til ræktunar, þótt hann virðist hins vegar hafa verið tilleiðanlegur til samkomulags að afhenda hluta af jörð-

inni undir héraðsskóla. Verður dómurinn að líta svo á, að með afsalinu 9. janúar 1940 hafi stefnandi aðeins samið um það, hvaða verð hann ætti að fá fyrir eignina, en afsalið að öðru leyti ákvarðast af lögbundinni ákvörðun ríkisvaldsins um að taka eignarráðin úr höndum hans. Verður því eigi talið, að stefnandi hafi með afsali þessu firrt sig rétti til þess að bera fram kröfur um það að fá jörðina aftur til eignar, ef talið yrði, að meðferð hennar og notkun væri svo andstæð þeim tilgangi, sem eignarnámsheimildin byggðist á, að hann af þeim sökum ætti lögvarinn rétt til þess að fá jörðina aftur til eignar. Skiptir því eigi máli, þótt fyrirvari þess efnis væri eigi ritaður í afsalið. Hins vegar verður eigi talið, að komið hafi fram í máli þessu sannanir fyrir því, að stefnandi hafi við samningsgerðina verið beittur nokkurri þess konar þvingun, nauðung eða fortölum, að valdið geti ógildingu þessa samnings, sem fólst í afsalinu frá 9. janúar 1940. Er fráleitt, þegar litið er til menntunar og þjóðfélagsstöðu stefnanda, að umrædd samningsgerð verði á nokkurn hátt heimfærð undir ákvæði 7. gr. laga nr. 73/1933, og ekki hafa komið fram nein gögn, sem bendi til þess, að ákvæði 3. kafla laga nr. 7/1936 geti átt við um lögskipti aðilja, að því er varðar oftnefnda jörð. Þá hefur ekki heldur verið sýnt fram á, að umsamið kaupverð hafi verið ósanngjarnt, og þar átti stefnandi valið, hvort hann vildi semja eða hlíta mati, og honum átti að vera ljóst, að hann gat skotið undirmati til yfirmats, ef hann kaus þá leið, jafnvel þótt hann óttaðist, að undirmatið mundi verða framkvæmt við óhagstæð skilyrði og hlutur hans þar borinn fyrir borð, en engar líkur hafa verið færðar fyrir því, að hinir dómkvöddu matsmenn, sem höfðu verið útnefndir, mundu í nokkru bregðast skyldu sinni.

Þá kemur til athugunar sú málástæða stefnanda, að atburðarásin, eftir að hann lét Varmahlíð af hendi, hafi orðið sú, að brostið hafi þær forsendur, sem eignarnámsheimildin og eignayfirfærslan byggðust á.

Eigi verður talið, að stefnandi geti, eins og á stóð, byggt neinn rétt á því, þótt Varmahlíðarfélagið fengi eignarráð yfir Varmahlíð 1941. Skipti ekki máli fyrir hann, hvort það var ríkissjóður eða Varmahlíðarfélagið, sem taldist eiga jörðina, því bæði var það, að jörðin stóð áfram til þeirra nota, sem eignarnámsheimildin gerði ráð fyrir, og svo var það einmitt nefnt félag, sem beitti sér fyrir því, að héraðsskóli yrði reistur. Þá er og á það

að líta, að enda þótt stefnanda væri kunnugt um þessa eignayfirfærslu eigi síðar en 11. maí 1942, lét hann þá undir höfuð leggjast að gera nokkrar virkar ráðstafanir til að briggja hana, þar til hann höfðaði mál þetta fullum 17 árum síðar.

Því er þegar lýst, að lögmæt heimild til eignarnáms hafi verið fyrir hendi, þegar ríkissjóður fékk afsal fyrir Varmahlíð árið 1940. Það kemur einnig fram af atriðum þeim, sem rakin eru í IV. kafla dóms þessa, að þeir aðiljar, sem fóru með yfirráð jarðarinnar og héraðsskólamálsins, höfðu á þeim tíma fullan hug á því að koma skólamálinu í höfn og að unnið var að framgangi þess fyrstu árin, þótt hægt miðaði. Verður þannig eigi annað séð en að eignarnámslögin, afsalið fyrir jörðinni og eftirfarandi framkvæmdir hafi í reynd verið raunhæfir áfangar að því marki, sem að var stefnt með samþykkt eignarnámsheimildarinnar. Og þótt síðar komi ládeyða um nokkurra ára skeið og héraðsskólamálið virtist úr sögunni með samþykkt sýslunefndar Skagafjarðarsýslu í nóvember 1956, þá hefur jörðin Varmahlíð eigi enn verið tekin til slíkra afnota, að ósamrímanglegt sé byggingu skólaseturs þar, enda hefur skólamálið nú verið tekið upp aftur í sýslunefndinni og þar samþykkt tillaga að skipulagsskrá, sem gerir ráð fyrir Varmahlíð sem skóla- og menningarsetri héraðsins. Þegar þessi atriði eru höfð í huga annars vegar, en hins vegar litið til þess, að stefnandi hefur eigi öll þessi ár, svo sannað sé, gert neinar raunhæfar eða virkar ráðstafanir til þess að halda fram til laga þeim rétti, sem hann taldi sér, þá verður ekki talið, að hann geti nú fengið rift þeim löggerningum, sem hann gerir kröfu til í máli þessu og gerðir hafa verið, varðandi Varmahlíð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í þessum hluta málsins, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Laun talsmanns stefnanda, er þykja hæfilega ákveðin kr. 18.000.00, greiðist úr ríkissjóði og einnig laun talsmanns stefndu, sýslusjóðs Skagafjarðarsýslu, Varmahlíðarfélagsins og skólanefndar héraðsskóla Skagfirðinga, er ákveðast kr. 9.000.00.

Hákon Guðmundsson kvað upp dóm þenna sem setudómari samkvæmt umboðsskjali, dagsettu 12. janúar f. á., en hinn reglulegi dómari, Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, hafði með úrskurði, uppkveðnum 16. desember 1958, vikið sæti í málinu.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sýslumaður Skagafjarðarsýslu vegna sýslusjóðs, Gunnar Gíslason vegna Varmahlíðarfélagsins og Halldór Benediktsson, Sigurður Sigurðsson, Jón Jónsson, Bessi Gíslason og Gunnar Gíslason f. h. skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Vigfúsar Helgasonar, í þessum hluta málsins.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, héraðsdómslögmanns Þorvalds Ara Arasonar, kr. 18.000.00, og málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefndu, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1965.

Nr. 34/1965. **Helgi Hóseasson**
 gegn
Biskupi Íslands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómhæfi. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sóknaraðili hefur með kæru, dags. 28. desember 1964 og hingað kominni 13. þ. m., skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1964. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.